24.09.–18.10.2020

# Haustlaukar II
# Autumn Bulbs II

**Ný myndlist í almannarými**
New Public Art

**Gígja Jónsdóttir**
**Gunnhildur Hauksdóttir**
**Haraldur Jónsson**
**Kolbrún Þóra Löve**
**Magnús Sigurðarson**
**Ragnheiður Maísól Sturludóttir**
**Rósa Sigrún Jónsdóttir**
**Styrmir Örn Guðmundsson**

LISTASAFN

**Ókeypis aðgangur**
Free Access

**Nánari upplýsingar um dagskrá á heimasíðu safnsins**
Further programme information on the museum website

**listasafnreykjavikur.is**
**#listasafnreykjavikur**
artmuseum.is
#reykjavikartmuseum

# Haustlaukar II

Listasafn Reykjavíkur efnir á haustdögum öðru sinni til samsýningar á nýrri myndlist í almannarými. Verk átta listamanna birtast á fjölbreyttan og nýstárlegan hátt víða um Reykjavík og í því sameiginlega rými sem tækni samtímans býður upp á. Um er að ræða gjörninga, inngrip og uppákomur af ýmsu tagi sem kallast á við samfélagslegt rými, opinberan vettvang, stræti, torg og byggingar sem við deilum í sameiningu. Viðfangsefni þeirra átta listamanna sem taka þátt í sýningunni eru fjölbreytt en eiga það öll sameiginlegt að varpa ljósi á eða spyrja spurninga um daglegt umhverfi íbúa borgarinnar og gesta hennar. Þar er fjallað um mörk einka- og almenningsrýmis, eignarhald og frelsi, auk þess sem reynt er að fá fólk til þess að staldra við, líta í kringum sig og skynja umhverfið í nýju ljósi. Loks smitast óhjákvæmilega inn í verkin þær breytingar sem orðið hafa á þessu ári og snúa að daglegum samskiptum og venjum á tímum farsóttar. Sum verk eru aðeins flutt einu sinni á meðan önnur eiga sér lengri eða tíðari tilvist. Dagskrá sýningarinnar má kynna sér í sýningarskrá, á samfélagsmiðlum safnsins eða dagskrársíðu þess.

**Gígja Jónsdóttir** (f. 1991) setur fram verkið *Nánd í þremur þáttum og grand finale*. Það samanstendur af gjörningum og innsetningum sem spretta upp víðsvegar um borgina. Í verkinu kanar Gígja mörkin milli almannarýmis og einkarýmis, tabúa og óheflaðra tilfinninga og fagnar hinni sammannlegu þörf fyrir nánd á fordæmalausum tímum. Verkið er að hluta þátttökuverk og almenningur hvattur til þess að fylgjast með og virkja það. **Gunnhildur Hauksdóttir** (f. 1972) heillaðist af rannsóknum á tungumáli rotta fyrir nokkrum árum og tekst nú í fyrsta sinn á við það í verki. Rottur gefa frá sér sextán hljóð til að tjá hamingju á tíðni sem mannseyrað nemur ekki. Þær gefa hver annarri nöfn og leika samkvæmisleiki samkvæmt leikreglum sem þær tjá með hljóðum, enda er tilvera þeirra að mestu í myrkri. Gunnhildur hefur útbúið raddskrá fyrir mannsraddir með hliðsjón af hamingjutísti rotta og úr verður *Rottukórinn*. **Haraldur Jónsson** (f. 1961) vinnur jöfnum höndum í ýmsa miðla. Í verkum sínum þreifar hann á fyrirbærum sem tengjast líkamanum, skynjun okkar á heiminum, tilfinningum, tungumálinu og því sem myndast í bilunum þar á milli. Verk hans virkja staðhætti á ýmsa lund og bjóða gjarnan upp á náið samband við áhorfendur sem verða um leið órofa hluti af verkinu. Hljóðverkið *Stefnumót* er á þremur stöðum í borginni. **Kolbrún Þóra Löve** (f. 1989) hefur skapað vefinnsetninguna *Nebulous Heaps* sem jafnframt er útgáfuverk. Verkið er afrakstur samtals við heimspekinginn Timothy Morton og þar er sjónum beint að óaðgengileika hluta, takmarkaðri skynjun mannsins og sambandi hans við umhverfi sitt. Verkið má nálgast á vefsíðunni www.nebulousheaps.com.

Gildi myndlistar í almannarými hefur tekið stakkaskiptum í tímans rás, styttur og höggmyndir verða smám saman ósýnileg í samkeppni við síaukið sjónrænt áreiti í umhverfinu. **Magnús Sigurðarson** (f. 1966) spyr spurninga um mörk reynslu og túlkunar, raunveruleika og sýndarveruleika, daglegs lífs og listupplifunar. *ÚPS! 2020* er tímabundið inngrip í götumynd borgarinnar, eitthvað sem vegfarendur munu ýmist njóta á fagurfræðilegum forsendum eða sem hversdagslegt frávik í daglegri rútínu. **Ragnheiður Maísól Sturludóttir** (f. 1983) segir svo frá: „Nágrannakona mín viðrar lök, teppi og sængur reglulega. Ég fylgist með henni út um gluggann á meðan ég vaska upp. Við erum í raun að gera það sama, að hreinsa og endurstilla. Losa um gamla orku svo það sé pláss fyrir nýja. Hennar athöfn er þó tilkomumeiri en mín. Hún sveiflar lökunum fram af svölunum og í eitt augnablik umbreytist þessi hversdagslega athöfn í stórkostlegt sjónarspil þannig að ég gleymi mér við uppvaskið." Gjörningur Ragnheiðar, *Viðra*, verður fluttur á svölum fjölbýlishúss. **Rósa Sigrún Jónsdóttir** (f. 1962) hefur talsvert unnið með textíl í sínum verkum, t.d. innsetningar þar sem textílskúlptúrar og þræðir yfirtaka rýmið. Í þeirri vinnu hafa þróast vangaveltur og tilraunir með línuna í mismunandi formi. Hér málar Rósa Sigrún ullarþráð með neonlitum sem grípa dagsbirtuna af áfergju en dýfir þræðinum svo í lím sem hann drekkur í sig. Þá lætur hún límvotan þráðinn falla tilviljanakennt á hart undirlag þar sem hann þornar og myndar línuteikningu. Svona hefur orðið til stafli af teikningum sem nú má sjá renna saman í eitt verk á vegg við Álfheima. **Styrmir Örn Guðmundsson** (f. 1984) leggur einnig undir sig vegg og málar hann undir áhrifum af stjörnuhimninum. Styrmir Örn leggur gjarnan upp með frásögn í verkum sem taka á sig ýmsar myndir sem teikningar, málverk, skúlptúrar, gjörningar og jafnvel tónlistar- og dansverk. Lífi verður blásið í veggverkið með gjörningi sem markar upphaf Haustlauka II.

# Autumn Bulbs II

This autumn, Reykjavík Art Museum for the second time holds a group exhibition of new art in public spaces. The works of eight artists appear in a diverse and novel fashion around the city and in the communal spaces modern technology has to offer. This includes performances, interventions and various happenings which echo the communal space, the public domain, streets, squares and buildings which we share. The subject matters of the eight participating artists vary but they all have in common that they illuminate or ask questions about the daily life of locals and visitors in the city. They revolve around the line between private and public space, ownership and freedom as well as getting people to stop, look around and gain a new perception of their environment. Inevitably, the works incorporate the societal changes which have taken place this year, regarding daily interaction and habits in epidemic times. Some of the works will only be performed once but others have a longer or more frequent existence. The programme can be found in this catalogue, on the museum's social media and its activity calendar.

**Gígja Jónsdóttir** (b. 1991) exhibits her work *Intimacy in three acts and grand finale*. This consists of performances and installations appearing around the city. In her work, Gígja explores the boundaries between public and private spaces, taboos and unrestrained emotions, and celebrates the universally human need for intimacy in unprecented times. The work is partly interactive, the public is encouraged to watch and activate it. A few years ago, **Gunnhildur Hauksdóttir** (b. 1972) became fascinated with the language of rats and this is her first work based on her research. Rats emit sixteen different sounds to express happiness, in a frequency undetectable by the human ear. They name each other and play games according to rules which they express with sounds as their lives are mostly lived in darkness. Gunnhildur has assembled a voice file for human voices, with reference to the happy squeaks of rats, creating *The Rat Choir*. **Haraldur Jónsson** (b. 1961) makes equal use of various media. In his works he explores phenomena regarding the human body, our perception of the world, emotions, language and that which is created in the spaces between. His work activates its location in different ways and often offers a close connection with the audience, which then become an organic part of the work. His audio work, *Rendezvous*, is located in three places within the city. **Kolbrún Þóra Löve** (b. 1989) has created web installation *Nebulous Heaps* which is also a publishing work. It is the results of a conversation with philopher Timothy Morton, focusing on the inaccessibility of things, man's limited perception and his connection to his environment. The work can be found on the website www.nebulousheaps.com.

The value of art in public spaces has been transformed throughout time; statues and sculptures are gradually becoming more or less invisible when competing with dramatically increasing visual stimuli in the environment. **Magnús Sigurðarson** (b. 1966) asks questions about the line between experience and interpretation, reality and virtual reality, daily life and art experience. *OOPS! 2020* is a temporary intervention into the city's street scene, something which viewers will either enjoy aesthetically or as a mundane deviation from their daily routine. **Ragnheiður Maísól Sturludóttir** (b. 1983) has this to say: "My neighbour regularly airs her sheets, blankets and duvets. I watch her out the window while I do the dishes. Actually, we are doing the same thing; rinsing and resetting. Getting rid of old energy to make room for new one. However, her actions are more impressive than mine. She dusts the sheets off the balcony and for a moment, this mundane activity transforms into a magnificent spectacle which makes me lose track of time while washing the dishes." Ragnheiður's performance, *Air*, will take place on a balcony in an apartment block. **Rósa Sigrún Jónsdóttir** (b. 1962) has worked a lot with textile in her works; for example installations where textile sculptures and threads take the space over. She has developed thoughts and experiments with various manifestations of lines. Here, Rósa Sigrún paints a woolly thread with neon colours which eagerly capture the daylight, and then she dips the thread in glue which it absorbs. She then makes the wet thread fall randomly on a hard surface where it dries, creating a line drawing. This way, she has created a pile of drawings which can be seen merging in one at Álfheimar. **Styrmir Örn Guðmundsson** (b. 1984) also takes over a whole wall, which he paints under the influence of a starry sky. Styrmir Örn often incorporates narratives in his works which take diverse form such as drawings, painting, sculpture, performances and even music and dance. The mural will be activated with a performance which marks the start of *Autumn Bulbs II*.

**Dagskrá** Programme

**GÍGJA JÓNSDÓTTIR**
**Nánd í þremur þáttum og grand finale**
Intimacy in three acts and grand finale
**Þáttur I – Gjörningur** Act I – Performance
**26.09.2020 lau.** Sat. 🕒 15:00
**Sæbraut, milli Hörpu og Sólfars**
Sæbraut, between Harpa and the Sun Voyager
**Þáttur II – Gjörningur** Act II – Performance
**30.09.2020 mið.** Wed. 🕒 20:00
**Internetið, Zoom** The Internet, Zoom
**Þáttur III – Þátttökulistaverk**
Act III – Participatory art work
**12.10–18.10.2020**
**Hlemmur, Kringlan, Grandi & Mjódd**
Grand Finale
**18.10.2020 sun.** Sun. 🕒 15:00
**Arnarhóll**

**GUNNHILDUR HAUKSDÓTTIR**
**Rottukór** Rat Choir
**24.09–18.10.2020**
**Kjarvalsstaðir port**
**Gjörningur** Performance
**27.09.2020 sun.** Sun. 🕒 16:00
**Kjarvalsstaðir port**

**HARALDUR JÓNSSON**
**Stefnumót** Rendezvous
**24.09–18.10.2020**
**Borgarbókasafnið Grófinni**
Grófin Culture House
**Borgarbókasafn Kringlunni**
Kringlan Culture House
**Eiðistorg**

**KOLBRÚN ÞÓRA LÖVE**
Nebulous Heaps
**24.09–18.10.2020**
www.nebulousheaps.com

**MAGNÚS SIGURÐARSON**
**ÚPS! 2020** OOPS! 2020
**15.10–18.10.2020**
**Hafnartorg**

**RAGNHEIÐUR MAÍSÓL STURLUDÓTTIR**
**Viðra** Air
**11.10.2020 sun.** Sun. 🕒 15:00
**Hagamelur 41–45**

**RÓSA SIGRÚN JÓNSDÓTTIR**
**Hending** Chance
**24.09–18.10.2020**
**Álfheimar 2**

**STYRMIR ÖRN GUÐMUNDSSON**
**Stjörnuliljur** Astro Lilies
**24.09–18.10.2020**
**Spennistöðin við Marshallhúsið**
Voltage Substation next to the Marshall House
**Opnunaratriði Haustlauka – Gjörningur**
Autumn Bulbs opening act – Performance
**24.09.2020** 🕒 17:00
**Spennistöðin við Marshallhúsið**
Voltage Substation next to the Marshall House

**Samtal við listamenn sýningarinnar**
Artists speak about their work
**15.10.2020 fim.** Thu. 🕒 20:00
**Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús**
Reykjavík Art Museum – Hafnarhús

**Sýningarstjórn** Curator
Markús Þór Andrésson

**Framkvæmdastjórn** Assistant Curator
Helga Björg Kjerúlf

**Listasafn Reykjavíkur þakkar þeim sem hjálpuðu til við að gera sýninguna að veruleika:** Reykjavík Art Museum wishes to thank those who helped make this exhibition possible: Aðalheiður Hauksdóttir, Benjamin Mokry, Borgarbókasafn Reykjavíkur, Brim hf, Eurico Sá Fernandes, Geimvísindastofnun Íslands, Húsfélagið að Álfheimum 2-6, Íbúar á Hagamel 41-45, Jón Svavar Jósepsson, Klifurhúsið, Kristján Davíðsson, Kvennakórinn Hrynjandi, María Björk Óskarsdóttir, Reginn hf / Hafnartorg, Saga Sigurðardóttir, Seltjarnarnesbær, Sigrún Hrólfsdóttir, Sigurður Gunnarsson, Timothy Morton, Tobba og Sæþór hjá Farva, Torfi Þ. Þorsteinsson, Valgeir Sigurðsson

**24.09.–18.10.2020**
**Ný myndlist í almannarými**
New Public Art

# Haustlaukar II
# Autumn Bulbs II

**Hafnarhús**
Tryggvagata 17
101 Reykjavík
+354 411 6400

**Opið daglega**
Frá 10.00 til 17.00
**Open daily**
10h00–17h00

**listasafnreykjavikur.is**
**artmuseum.is**
#listasafnreykjavikur
#reykjavikartmuseum